



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Afgreiðslubréf: Samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Á fundi borgarstjórnar þann 20. september 2022 var 7. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 16. september 2022, samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Forsætisnefnd

Forsætisnefnd

Samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Á fundi borgarstjórnar 7. júní sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að sameina málaflokk mannréttinda og ofbeldisvarna í nýju mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði sem tekur við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september og kemur í stað gildandi samþykta mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Er nú lögð fram tillaga að nýrri samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð sem hefur verið samin af skrifstofu borgarstjórnar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu en óskað er eftir því að forsætisnefnd afgreiði samþykktina til staðfestingar borgarstjórnar með vísan til ákvæða 3. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.



Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Tillaga að nýrri samþykkt mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs

Samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Umboð

1. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verksvið

2. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð skal móta stefnu í mannréttinda-, og ofbeldisvarnarmálum taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið hennar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar. Ráðið starfar þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar að þeim verkefnum sem ekki heyra undir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

3. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 150/2020 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð er vettvangur samráðs Reykjavíkurborgar og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna. Ráðið stuðlar að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði mannréttinda þ.m.t. jafnréttis- og jafnlaunamála, kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunargerðar, ber ábyrgð á kynningu mannréttindastefnunnar og annarri tengdri stefnumörkun auk þess sem ráðið stuðlar að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.
2. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.
3. Gerir tillögur til borgarráðs um endurskoðun mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar ef tilefni er til og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.
4. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála. Er öðrum borgaryfirvöldum til samráðs og ráðgjafar um verkefni á sviði mannréttindamála. Veitir umsagnir um tillögur að verkefnum á vegum borgarinnar sem varða mannréttindi borgarbúa. Á samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög og félagasamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.
5. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð sjá til þess að Reykjavíkurborg setji sér áætlun um mannréttindamál fyrir nýtt kjörtímabil. Skal sú áætlun taka mið af lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Áætlunin skal lögð fram til samþykktar í borgarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, hún rædd árlega í borgarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Þegar ráðið fjallar um málefni sem varðar ofbeldisvarnir eiga eftirtaldir aðilar jafnframt sæti í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar; Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð getur tekið ákvörðun um aðra áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð getur einnig í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð er vistuð hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins. Mannréttindafulltrúar fagsviða Reykjavíkurborgar eru tengiliðir við mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Einn fundur í mánuði skal að jafnaði tileinkaður ofbeldisvarnarmálum og á þá fundi skal boða áheyrnarfulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Samtaka um kvennaathvarf og landlæknis sbr. 2. mgr. 5. gr. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og mannréttindastjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Málsmeðferð

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir mannréttinda-nýsköpunar og lýðræðisráðs frá 21. desember 2021 og ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkur frá 19. febrúar 2019.

Samþykkt í borgarstjórn
XXX